

EFTIRLITSSKÝRSLA

Fiskeldið Haukamýri Haukamýrgili



Dags eftirlits	6.11.2024	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Fiskeldið Haukamýri	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Haukamýrgili	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6607061190	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Pétur Bergmann Árnason	ÍSAT nr.	03.22.00
Fulltrúi fyrirtækis	Gyða Evertsdóttir / Kristján F. Sigurðsson	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram í eftirlitinu en ein ábending var sett fram um að bæta þurfi frágang og umgengni á lóðinni.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fór fram með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Um landeldisstöð er að ræða þar sem eldið er staðsett bæði innan- og utandyra. Heimilt er að ala allt að 850 tonn af laxfiskum á hverjum tíma. Breyting var gerð með nýju leyfi og er hámarkslífmassi á hverjum tíma nú 850 tonn í stað 450 tonna hámarksframléiðslu á ári. Stöðin stendur sunnan við Húsavíkurbæ, uppi á sjávarbakka og rennur frárennslið út í Skjálfandaflóa. Starfsleyfið gildir til 1. febrúar 2040.

Umfang boðaðs eftirlits var eftirfarandi:

- Farið yfir nýtt starfsleyfi og stöðuna frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Eftirlitsmælingar, skráningar og gagnaskil
- Áætlanir og viðbrögð – uppfærslur áætlana, trygginga o.fl.
- Umgengni og aðkoma lóðar
- Geymsla, förgun og meðhöndlun hættulegra efna
- Skoðunarferð
- Önnur mál

Farið var yfir nýtt starfsleyfi sem gefið var út í febrúar sl. og minnt á þær skyldur sem þar koma fram. Engin frávik frá kröfum starfsleyfis komu fram við síðasta eftirlit árið 2023, en tvær ábendingar voru settar fram er varða að mælieiningar efnalosunar sem koma fram í ársyfirliti og grænu bókhaldi skulu vera þær sömu og koma fram í starfsleyfinu og að huga þurfi að því að setja olíuskilju við áfyllingaplan neyslugeyma olíuefna, við fyrirhugaðar breytingar á lóðinni. Brugðist hefur verið með fullnægjandi hætti við ábendingunni um mælieiningarnar og hefur eftirlitsaðili fallið frá kröfu um olíuskilju þar sem olíunni er einungis dælt á vinnuvélar í eigu rekstraraðila og er ekki gerð krafa um olíuskiljur við slíka neyslugeyma skv. gr. 41. gr. reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi. Engar stærri breytingar hafa verið gerðar á stöðinni frá síðasta eftirliti. Framleiðsla frá síðasta ári er svipuð og verið hefur eða um 444,5 tonn árið 2023. Einungis er alin bleikja í stöðinni.

Áhættumat 2024 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, fylgdi fundarboði eftirlits og var það uppfært miðað við núverandi stöðu, að eftirliti loknu.

Breytingar hafa verið gerðar á tíðni mælinga og skv. gr. 4.3 í nýju starfsleyfi, skal nú taka sýni og mæla efnainnihald vatns við inntak og í útrás a.m.k. tvisvar á ári. Einnig skal mæla heildar fosfór og nitur við útrás frárennslis bæði við hámarksfóðrun og lágmarksfóðrun. Fylgjast skal árlega með losun næringarefna bæði út frá mældum gildum og útreikningum frá fóðurmotkun. Farið var yfir þessar breytingar í eftirlitinu. Mælingar frá árinu 2023 voru settar fram í grænu bókhaldi og eru innan marka starfsleyfisins. Einnig er krafa um myndatökur við útrásina á tveggja mánaða fresti skv. gr. 3.5 í starfsleyfi. Síðustu mælingar voru gerðar þann 22. febrúar sl. og voru niðurstöður greiningarinnar afhentar í eftirlitinu.

Sjálfvirkt fóðurkerfi er í öllum kerjum og er fóðrið geymt í silóum á lóð stöðvarinnar. Verið var að setja upp fleiri fóðursiló er eftirlitið fór fram og verður fóðrið framvegis flutt á staðinn með fóðurbílum í stað fóðorpoka. Allt vatn í stöðinni er endurnýtt og ristar eru á kerjum og við útrás. Vatn frá síðustu endurnýtingu, rennur yfir í dúkklaðda einingu, sem þjónar hlutverki setþróar. Frá þrónni rennur vatnið út í læk, um 20m frá fjöruborði Skjálfandaflóa. Mikið og þungt brim er í fjörunni og því er ekki hægt að lengja frárennslið út í fjöruna þar sem brimið brýtur lagnirnar. Slátrun á sér stað í eldisrými neðst í brekkunni og rennur vatn frá slátruhúsinu og fiskvinnslunni í sér lög, út í frárennslið í fjörunni. Ekki var að sjá uppsöfnun fóðurleifa, slýs eða óhreininda við frárennslisop en greina mátti nokkra tugi fugla í fjöruborðinu við útrásina. Rekstraraðila er bent á að reyna að halda fugli í skefjum eins og unnt er. Meindýraeyðir kemur reglulega og sinnir vörnum við stöðina.

Allar áætlanir sem krafa er um í starfsleyfi, hafa verið uppfærðar í tengslum við umsókn um nýtt starfsleyfi. Skv. áætlun um meðhöndlun úrgangs og fastefnis ætlaði rekstraraðili að endurskoða hana fyrir lok mars 2023, m.t.t. breytinga í stöðinni. Þeim breytingum er ekki lokið og því er ekki þörf á endurskoðun að svo stöddu. Rekstraraðili hefur gilda ASC vottun til 18. mars 2027 og var afrit vottunarinnar afhent í eftirlitinu.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR skv. 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda, er til staðar.

Verið var að standsetja nýjan, tvöfaldan olíugeymi í stöðinni. Steypt plan er undir geyminum en eftir er að setja upp árekstrarvarnir við geyminn. Olía er enn í eldri geymi og verður hann notaður þar til hann tæmist og fjarlægður að því loknu. Ljósavél er tengd við sér geymi sem er staðsettur inni í lekaheldum gám. Formalín er geymt í lekabyttu inni í upphituðum gámi og hreinsiefni eru geymd í sérstökum skáp inn af vinnslurými sláturhúss. Lekabyttur eru til staðar fyrir öll spilliefni. Öryggisblöð voru til staðar og í lagi. Engin lyf eða bóluefni eru notuð í stöðinni. Almenn rusl er flokkað í þrjá flokka og er sótt af Terra eftir þörfum.

Gengið var um stöðina, frárennslið skoðað, útrás í viðtaka og geymsla spilliefna. Framkvæmdir eru á lóðinni og minnt er á að halda svæðinu snyrtilegu og ganga frá jafnóðum og framkvæmdum er lokið. Gerðar hafa verið úrbætur við frágang á lausum brettum og lagningarörum en enn má bæta umgengni og tiltekt á svæðinu.

ÁBENDINGAR

Ábending er sett fram um að bæta frágang og umgengni á lóðinni. Átak hefur verið gert í þeim efnun undanfarin ár en enn vantar aðeins uppá.


ANNAÐ

Engin mengunaráhöpp eða kvartanir hafa verið skráðar, hvorki hjá rekstraraðila né eftirlitsaðila frá því að síðasta eftirlit fór fram.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 15.11.2024



Guðbjörg Stella Árnadóttir